

SKL
Starfsárið 2010
Ragnar Bragason, Formaður

Árið 2010 var viðburðarríkt í heimi íslenskrar kvikmyndagerðar og rennur okkur seint úr minni. Það er ekki ofsögum sagt að dramað hafi sjaldan verið meira en var kannski í jöfnu hlutfalli við almennt ástand íslensks samfélags.

FORSAGAN

Á haustmánuðum fyrir rúmu ári fengu forvígsmenn kvikmyndagerðar þau skilaboð frá smiðum fjárlagafrumvarps að niðurskurður til Kvikmyndasjóða yrði hóflegur, eða í kringum þau flötu 10% sem boðuð höfðu verið. Fólk slakaði á og andaði léttar en vöknaði svo upp við vondan draum þegar 35% niðurskurður m.v þáverandi samkomulag varð að veruleika.

Í framhaldi af því - á meðan fólk var að átta sig á hvað gerst hafði - kemur Páll Magnússon sjónvarpsstjóri RUV Ohf fram í fjölmiðlum föstudaginn 22. janúar og lýsir því yfir að RUV ætli að hætta að kaupa íslenskar kvikmyndir og draga stórlega úr kaupum á íslensku efni frá sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmönnum. Páll - ósáttur við niðurskurð hins opinbera til RUV og að þurfa í framhaldi að segja upp vinum sínum úr fréttamannastétt – ætlar með þessu að æsa kvikmyndagerðarmenn upp á móti ráðherra og nota sem barefli á stjórnvöld. Og að æsa okkur tókst honum. Rafpóstar fara ganga manna á milli þá um helgina.

„Ef það á að jarða íslenskan kvikmyndaiðnað er það stór menningarleg ákvörðun sem ekki er rétt að tekin sé í kyrrþey, það er mikilvægt að bregðast strax við. Þessari þróun verður ekki snúið við nema við stöndum saman og verðum að kraftmiklu sýnilegu afli. Það er verið að gera aðför að íslenskri menningu til framtíðar og við það verður ekki unað.“

Blásið er til fundar kvikmyndagerðarmanna á Hótel Borg. Sjónvarpsstjóri, fullviss um að áætlun sín sé að ganga eftir sendir fréttateimi á staðinn fyrir beina útsendingu í Kastljósi. Í framhaldi er tókumaðurinn skilinn eftir og látin mynda það sem eftir gekk. Efnið sem fréttajálgurinn Páll vonaðist eflaust til að ná voru hróp æstra kvikmyndagerðarmanna að ráðherra en snérust strax frá fyrstu mínútu að mestu um brot stjórnenda RUV á þjónustusamningi. Vanhæfni þeirra til að sinna menningarhlutverki sínu og vanefndir á kaupum á efni frá sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmönnum var aðal umræðuefnið þetta kvöldið. Ekkert af þessum upptökum var birt á RUV í framhaldi, sprengjan hafði sprungið í andlitið á sjónvarpsstjóra og fréttin honum ekki lengur þóknanleg.

Ályktun þessa tæplega 300 manna fundar kvikmyndagerðarmanna og annara velunnara á Hótel Borg, mánudagskvöldið 25. janúar 2010 hljómaði svo:

„Þessi fundur fordæmir þann ójöfnuð sem fram kemur í 35% lækkun framlaga til kvikmyndasjóða á fjárlögum 2010 sem er fordæmalaus niðurskurður í íslenskum menningariðnaði. Jafnframt fordæmir fundurinn hótanir stjórnenda RUV um að

draga verulega úr innkaupum á íslensku efni. Með slíkum aðgerðum brjóta stjórnendur þær menningarlegu og lagalegu skyldur sem þeim eru lagðar á herðar sem og óskir eigenda sína og áhorfenda sem vilja vandað íslenskt efni. Treysti stjórnendur RÚV sér ekki til að reka almannaútvarp og sjónvarp samkvæmt lagamma og vilja þjóðarinnar, þá ber Páli Magnússyni og öðrum yfirmönnum RÚV að segja af sér.”

Forsvarsmenn RUV hafa ekki enn þann dag í dag viljað útskýra af hverju þessar vanefndir á þjónustusamningi voru langt umfram þann niðurskurð sem stofnunin hafði orðið fyrir og sjónvarpsstjóri gefið sem stóru ástæðuna fyrir upphlaupi sínu. Þeir hafa hvorki gert tilraun til að biðjast afsökunar á þessu né gert nokkra tilraun til að leiðrétta þær vanefndir sem þeir eru sekir um.

Hinn óhóflegi niðurskurður Menningarmálaráðuneytis á framlögum til Kvikmyndasjóðs var “Exel-niðurskurður” eins og ráðherra Katrín Jakobsdóttir orðaði það. Niðurskurðurinn var illa ígrundaður, ekkert mið tekið af þeirri staðreynd að hver króna sem ríkið veitir í gerð kvikmynda og er grunnforsenda fyrir íslenski kvikmyndagerð kemur margfalt til baka. Íslensk kvikmyndaverk njóta mikils áhuga almennings, eru ein helsta kynning á menningu okkar erlendis og ein af stóru ástæðum sem ferðamenn nefna fyrir heimsókn sinni til landsins.

Í framhaldi af þessum tveimur stóru höggum hafa tugir eða hundruðir starfa tapast í íslenski kvikmyndagerð og alvarlegur flótti orðið úr greininni. Hér hefur orðið menningarslys.

Mikil samstaða varð meðal kvikmyndagerðarmanna og var einhugur í að sækja leiðréttingu á þessum brotum. Baráttumálin voru skilgreind og innan raða kvikmyndagerðarmanna myndaðir hópar. Farið var í herferð á ýmsum sviðum til að kynna málið og upplýsa fólk, bæði almenning og fólk í stjórnkerfinu. Greinar voru skrifaðar í blöð og netmiðla. Leikið efni framleitt og sett á netið.

Undirritaður var kjörin formaður SKL á aðalfundi 12 febrúar 2011 og settist í stjórn ásamt Friðriki Þór Friðrikssyni, Silju Hauksdóttir, Óskar Jónassyni og Hilmar Oddssyni og tók í framhaldi sæti í stjórn BÍL og ÍKSA.

EDDAN 2010

Ákveðin hápunktur á þessari samstöðuskriðu varð á Eddunni 2010 þar sem stór hluti dagskránnar var lagður undir málstaðinn og tilraun gerð til að upplýsa þjóðina um málið.

RANNSÓKNIR

Við tók tímabil rannsókna og skýrsluskrafa. Fagfélögin sameinuðu krafta sína í útektinni "Hverjir fjármagna Íslensk kvikmyndaverk?" þar sem greining á yfir hundrað verkum leiddi í ljós margar áhugaverðar staðreyndir. Eins og t.d að hluti hins opinbera í heildarfjármögnun íslenskra kvikmyndaverka er mun lægri en áður var talið en er þó grunnforsenda fyrir annari fjármögnun samkvæmt hinu alþjóðlega módeli kvikmyndafjármögnunar. Hinsvegar að heildarvelta íslenskrar

kvikmyndagerðar er mun hærri en fólk gerði sér áður grein fyrir og stærð greinarinnar meiri.

FUNDIR

Á vormánuðum voru margir fundir setnir í ráðuneitum, með ráðherrum og öðru fólki hjá hinu opinbera. Yrði allt of langt mál að telja upp öll þau smáskref sem tekin voru á þessu tímabili en stór hópur fólks eyddi drjúgum hluta vinnuvikna vorsins í þetta málefni.

BÍÓ PARADÍS

Síðla vors dró til tíðinda þegar opnaðist fyrir þann möguleika að Regnboginn við Hverfisgötu yrði að menningarbíói, eitthvað sem mörgum hafði dreymt um lengi. Skoðaðir höfðu verið nokkrir kostir en afraðið var að gera allt til að forða því að síðasta kvikmyndahúsið hyrfi úr miðbænum. Með flutningi KMÍ niður á Hverfisgötu var frekari grunnur lagður að því að kvikmyndamenningin eignaðist sitt heimili. Samstaða fagfélaganna og áhugamanna um íslenska kvikmyndamenningu varð til þess að unnið var hratt og örugglega og með stuðningi nýrra borgarstjórnarflokka, Besta flokks og Samfylkingar var fjármagn tryggt til að leggja af stað. Heimili Kvikmyndanna, Bíó Paradís opnaði formlega þann 15. september undir styrkri daglegri stjórn Lovísu Óladóttir framkvæmdastjóra og Ásgríms Sverrissonar dagskrárstjóra sem á stærsta heiðurinn að þetta fór af stað. Heimili Kvikmyndanna er sjálfseignarstofnun að mestu í eigu fagfélaganna þriggja og í stjórn sitja undirritaður, Hrafnhildur Gunnarsdóttir og formaður er Ari Kristinsson. Í dagskrárráði fyrir hönd SKL situr Friðrik Þór Friðriksson.

Pokkalegur stígandi hefur verið í rekstri og dagskrá og um 200 myndir verið sýndar fyrsta hálfu árið, þar af um 70 íslenskar. En betur má ef duga skal, taka mun tvö til þrjú ár að byggja upp áhorfendahóp og festa húsið í sessi. Það er mjög mikilvægt að félagsmenn aðildarfélaganna nýti sér bíóið og séu sendiherrar þess.

FUNDIR MEÐ STJÓRNVÖLDUM

Þegar haustaði tóku við fundir í tengslum við vinnslu fjárlaga með hinum ýmsu nefndum á vegum Alþingis eins og Fjárlaganefnd og Mennta og Menningarmálanefnd. Tvö baráttumál voru á oddinum, annarsvegar leiðrétting á framlögum hins opinbera til Kvikmyndasjóða, vinnsla nýs samkomulags og hinsvegar það að reyna að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll Bíó Paradísar.

RÚV

Í október ákvað stjórn BÍL að leita til stjórnar RÚV ohf með áhyggjur sínar af stofnuninni. Þetta kom í kjölfar þess að ekkert hafði gengið né rekið hjá okkur að eiga vitræn og uppbyggileg samskipti við forsvarsmenn. Á fundinum komu í ljós áhyggjur stjórnar RÚV af því að stjórnarmenn hefðu ekki alltaf nauðsynlegar forsendur til að rýna í og gera athugasemdir við ársreikninga stofnunarinnar. Einnig efasemdir um að stjórn væru látnar í té nægar upplýsingar frá forsvarsmönnum RÚV ohf til að framfylgja lögbundinni skyldu sinni. Má fullyrða að á þessu fundi hafi stjórn RÚV staðfest vanhæfi sitt.

SKL og hin fagfélögin skoruðu ítrekað á að málefnum RÚV yrði komið í betra horf. M.a var skorað á stjórnendur RUV að nota það fé sem þeir tilgreindu í rekstrarafgang um síðustu áramót til í að uppfylla menningarlega skyldu sína og kaupa efni frá sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmönnum, heimildarmyndir, þáttaraðir, leiknar sjónvarpsseríur, stuttmyndir og kvikmyndir í fullri lengd. En hvorki gekk né rak frekar en fyrri daginn.

Einnig skoraði BÍL á alla þingmenn og flokka þeirra að skipa faglega stjórn yfir RÚV ohf en ekkert varð af því þetta árið. Sama fólk sat áfram nema fyrir hönd Sjálfstæðisflokks þar sem Borgarleikhústjóri tók sæti.

STÓRAR SKÝRSLUR

Í desemberbyrjun, í framhaldi af því að frumniðurstöður um stærðarhlut skapandi greina í íslensku hagkerfi voru opinberaðar í Bíó Paradís, kynnti Menningarmálaráðherra nýja skýrslu - sem við höfum kallað Bláu skýrsluna og var unnin var undir forystu Kristínar Atladóttur - um menningarlegt hlutverk og stöðu íslenskrar kvikmyndagerðar. Kom þar skýrt fram að kvikmyndagerð er mikilvægur þáttur í menningu og hagkerfi þjóðarinnar.

Lögðu fagfélögin minnisblað fyrir ráðherra sem byggir á niðurstöðum og tillögum þessarar skýrslu með forgangsröðun þess sem brýnast var.

1. Leiðrétting á fjárlögum til Kvikmyndasjóða
2. Nýtt samkomulag um kvikmyndagerð
3. Endurnýjun á þjónustusamningi við Ríkisútvarpið ohf.
4. Bíó Paradís á fjárlög
5. Varðveisla kvikmyndaarfsins

Ákveðið var í framhaldi að fela Kvikmyndaráði að leggja drög að nýju samkomulagi. Í því ráði situr Hilmar Oddsson fyrir hönd SKL.

FJÁRLÖG 2011

Á fjárlögum ársins 2011 var framlag til Bíó Paradísar tryggt sem gerir okkur kleyft að halda áfram uppbyggingu og renna styrkari stoðum undir reksturinn. En hinsvegar var engin leiðrétting gerð á framlögum til Kvikmyndasjóðs og sama fólk situr enn við stjórnvölin á RUV. Þar er óbreytt ástandi.

Má því segja að þau markmið sem lagt var upp með í upphafi árs 2010 hafi ekki náðst en þær fleiri þúsund vinnustunda sem lagðar voru í málin voru þó ekki til einskis.

NÝTT SAMKOMULAG

Nú er unnið að nýju samkomulagi til næstu fimm ára þar sem uppbygging íslenskrar kvikmyndagerðar og kvikmyndasjóða er skýrð og skilgreind, framlög hins opinbera ákveðin og markmið sett. Það er jákvætt og nauðsynlegt til að við getum unnið okkur út úr þessu ástandi hratt og örugglega. Búist er við að þetta samkomulag klárast nú í mars og komi til framkvæmda á næsta ári.

BREYTINGAR Á RÚV / NÝR ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Á árlegum samráðsfundi BÍL með Menningarmálaráðherra nú í marsbyrjun var tilkynnt um skipan starfshóps sem á að koma með frumvarpstíllögur um breytingar á lögum um RÚV ohf. Einnig var ákveðið að stefnumótunarhópur BÍL um málefni RÚV

sem í sitja fyrir hönd SKL, undirritaður, Lárus Ýmir Óskarsson og Ásgrímur Sverrisson verði með í ráðum og fái að fylgjast með vinnu starfshópsins. Gert er ráð fyrir að frumvarpsdrög verði tilbúin til opinberrar kynningar 1. júní.

Á sama tíma er verið að vinna að endurnýjun þjónustusamnings milli RÚV og Menningarmálaráðuneytis og hefur verið skorað á Ráðherra að hleypa kvikmyndagerðarmönnum á einhvern hátt að þeirri vinnu.

Það sem tilgreint er hér að undan er það stærsta sem gerðist á árinu en stjórn SKL hefur tekið á mörgum öðrum málum og framkvæmt.

ÍKSA

Formaður tók sæti í stjórn ÍKSA ásamt Árna Óla Ásgeirssyni og þar bar framkvæmd á Edduverðlaunum hæst. Þótti takast vel til með framkvæmd og athöfn í Gamla Bíói þó að fókusinn fjölmiðla hafi farið meira á frjálslega klædda gesti en inntakið sjálft.

FÉLAGASSKÝRTEINI

Ný félagsskýrteini voru framleidd á árinu. Helsta virkni þeirra er afsláttur í leikhúsin en hugmyndir eru um að reyna að víkka út virkni þeirra frekar.

FERA

Aðalfundur FERA var haldin 5. til 6. nóvember síðastliðinn í Róm og fór Hilmar Oddsson fyrir okkar hönd. Frásögn má lesa á heimasíðu félagsins.

HEIMASÍÐA

Heimasíða félagsins er í loftinu og var ákveðið að setja inn fundargerðir og hafa þær ólæstar en enn vantar upplýsingar um stóran hluta félagsmanna. Skorað er á félagsmenn að senda inn upplýsingar.

Þegar farið er yfir árið 2010 má segja að við höfum komist að ýmsu, bæði jákvæðu og neikvæðu.

- Íslenski kvikmyndabransinn lenti í hollri sjálfsskoðun og fólk var vakið af værukærð. Kortlagning greinarinnar og öflug samstaða var fyrst og fremst það jákvæða sem út úr þessu ári kom. Á því er hægt að byggja til framtíðar.

- Samstaðan skilaði m.a. árangri við stofnun Heimilis Kvikmyndanna og Bíó Paradísar á Hverfisgötunni. Við erum stolt af því.

- Annað sem við höfum lært er að það þarf stöðugt að lobbía og gera það skipulega og kerfisbundið. Bæði gagnvart stjórnvöldum og þjóðinni. Einnig að bæta ímynd íslenskrar kvikmyndagerðar

- RUV er komið í hugmyndafræðilegt þrot. Ohf væðingin virðist hafa orðið þess valdandi að engin telur sig bera nokkra lagalega ábyrgð. Allir fría sig frá henni með mismunandi afsökunum hvort sem það eru ráðuneitin, sjónvarpsstjóri Páll Magnússon, Bjarni Guðmundsson þróunarstjóri, stjórn RUV; Ari Skúlason, Kristín Edwald, Margrét Frímannsdóttir, Svanhildur Kaaber og Magnús Stefánsson.

- En sorglegasta staðreyndin er sú að í framhaldi af öllum þessum niðurskurði munum við verða af metnaðarfullum íslenskum kvikmyndaverkum og mun áhrifa þessa gæta næstu árin.

FRAMUNDAN Á NÆSTU MISSERUM

En hvað er framundan? Auk þess að reyna að tryggja menningarlegan og fjárhagslegan grunn íslenskrar kvikmyndagerðar þá hefur verið hafin vinna á nokkrum mikilvægum hlutum.

LEIKSTJÓRASAMNINGUR

Í vinnslu er viðmiðunarsamningur fyrir leikstjóra sem tekur mið af nýju umhverfi, dreyfingarleiðum osfrv. Fólk hefur í gegnum tíðina verið að pukra með sína samninga og sífellt er verið að semja af vanþekkingu, sérstaklega fólk sem er að stíga fyrstu skref. Mikilvægt er að viðmið séu til staðar þegar kemur að launum og réttindum.

HIN ÍSLENSKA KVIKMYNDAGÁTT

Formaður tók að sér á vettvangi ÍKSA að leggja drög að því sem ég vil kalla Hina Íslensku Kvikmyndagátt. Hugmyndin er að samhæfa þær vefsíður er fjalla um eða tengjast íslenskri kvikmyndagerð í eina veitu sem yrði miðpunktur upplýsinga. Þetta vefsvæði yrði bæði á íslensku og ensku og myndi veita grunnupplýsingum til íslenskra og erlendra fjölmiðla og gegna lykilhlutverki í kynningu og dreyfingu á íslenskri kvikmyndagerð erlendis. Unnið er að þessu með aðkomu KMÍ og vonandi stuðningi Íslandsstofu.

HANDRITSNÁMSKEIÐ

Fyrirhugað er að félagið standi að handritsnámskeiði síðar á vorinu og hefur Silja Hauksdóttir unnið að því að fá erlendan kennara til landsins. Handritsgerðin er oft á tíðum veikasti hlekkurinn í íslenskum kvikmyndum og langt síðan að boðið hefur verið upp slíkt námskeið hér á landi.

KVIKA Í SJÓNVARP

Formaður hefur unnið að því ásamt formanni FK Hrafnhildi Gunnarsdóttur að koma í loftið föstum kvikmyndaþætti um íslenska kvikmyndamenningu sem nýtist bæði sem vettvangur til kynningar á Íslenskum kvikmyndaverkum annarsvegar og dagskrá Bío Paradísar hinsvegar. Farið hefur verið á fund Dr.Sigrúnar Stefánsdóttur sem sinnir dagskrárstjórnastöðu RÚV í hjáverkum en ekkert er fast í hendi enn.

BJÖRGUN OG VARÐVEISLA MENNINGARARFS

Eitt mest aðkallandi verkefni á komandi misserum og árum er varðveisla og björgun kvikmyndaarfsins. Stór hluti íslenskrar kvikmyndasögu liggur undir skemmdum og þarf að bregðast við fljótt ef ekki á af að hljóttast meiri skaði. Í öllum samtölum við ráðuneyti hefur verið lögð áhersla á þetta og mikilvægt er að tryggja fjármagn til verksins.

LOKAORÐ OG ÞAKKIR

Að endingu vil ég þakka þeim stóra hópi kvikmyndagerðarfólks sem lagði hönd á plóg í baráttumál ársins. Sérstaklega vil ég þakka meðstjórnendum mínum í SKL, einnig Ásgrími Sverrissyni fyrir hans mikla starf við Bíó Paradís, Hilmarí Sigurðssyni formanni ÍKSA og formönnum hinna fagfélaganna, Hrafnhildi Gunnarsdóttur og Ara Kristinssyni fyrir einstaklega gott samstarf á árinu. Einnig vil ég þakka stjórn BÍL og forseta vorum Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Árið 2011 verður stefnumótunarár í næsta kafla íslenskrar kvikmyndasögu sem er um leið mikilvægur hluti af menningarsögu þjóðarinnar.

Ragnar Bragason
Formaður SKL
Reykjavík 19.03.2011